



23. árg. 4. tbl. 2014. Útgefandi: Ásatrúarfélagið, Síðumúla 15, 108 Reykjavík

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Bergrós Kjartansdóttir — vorsidur@asatru.is

Umbrot og prentumsjón: Egill Baldursson

Gleðileg jól

Jólablót Ásatrúarfélagsins verður haldið á vetrarsólstöðum, sunnudaginn 21. desember.

Blóthald hefst með helgistund við minnisvarða Sveinbjörns Beinteinsonar á lóð félagsins í Öskjuhlíð og hefst hún stundvíslega kl. 18:00. Ekki þarf að greiða blóttoll til að vera við athöfnina og eru allir velkomnir.

Jólablótveislan verður haldin í sal Flugvirkjafélagsins í Borgartúni 22 í beinu framhaldi af helgistundinni í Öskjuhlíð. Húsið verður opnað kl. 18:30, en borðhald hefst um kl. 19:00. Veislukostur er frá Soho.

- ✓ Jólasólin tendruð af börnunum og þau fá lítinn jólaglaðning.
- ✓ Lína langsockkur kemur í heimsókn og skemmtir jafnt börnum sem fullorðnum.
- ✓ Heiðið jólaglag frumflutt. Jólasettið, Teresa og Tómas, flytja það og fleira skemmtilegt. Textann er að finna í blaðinu svo áhugasamir geti lært hann fyrir jól.

Blóttollur í jólaveisluna eru 4.500 krónur fyrir 12 ára og eldri, en börn fá frítt inn. Greiða þarf inn á reikning félagsins (0101-26-011444, kt. 680374-0159) eigi síðar en 18. desember og munið að skrá nafn þess sem sækir miðana. Einnig má greiða á skrifstofu félagsins á skrifstofutíma.

Athugið að miðafjöldi er takmarkaður og miðar verða ekki seldir við innganginn.

Verið velkomin.

Munið þorablótið á bónadag, 23. janúar 2015. Sjá nánar á næstu síðu.

Þorablót Ásatrúarfélagsins, – bóndadagur 2015

Þorablót félagsins verður haldið á bóndadag, föstudaginn 23. janúar næstkomandi í sal Flugvirkjafélagsins í Borgartúni 22.

Húsið verður opnað kl. 19:30 en borðhald hefst um kl. 20:00.

Blóttollur er 6.000 kr. Greiða þarf inn á reikning félagsins (0101-26-011444, kt 680374-0159) eigi síðar en 20. janúar og munið að skrá nafn þess sem sækir miðana. Einnig má kaupa miða á skrifstofu félagsins milli kl. 13:30 og 16:30 virka daga.

Athugið að miðafjöldi er takmarkaður og miðar verða ekki seldir við innganginn.


Hljómsveitin Hrafnagaldur, sem margir félagsmenn þekja af góðu frá haustblótinu, skemmtir. Hljómsveitin leikur lög sem fengin eru úr fornum ritum og síðum frá Íslandi og nágrannalöndunum og notar nánast eingöngu hljóðfæri frá þeim tíma. Hrafnagaldur mun einnig leika fyrir hringdansi á þorablótinu.

Kári Pálsson og Sigurboði Grétarsson flytja Skíðarímu og sýna myndir úr kvæðinu eftir Hörpu Ellertsdóttur.

Fjölmennum á þorablót Ásatrúarfélagsins!



Jólagjöfin í ár!



Hið íslenska fornritafélag kynnir nýja og vandaða útgáfu eddukvæða í tveimur bindum með skýringum og formála.

EDDUKVÆÐI I-II
Íslensk fornrit

Jónas Kristjánsson og Vésteinn Ólason gáfu út með inngangi og skýringum.

Ritstjóri: Þórður Ingi Guðjónsson.

ISBN 978-9979-893-99-8
469 bls. / 466 bls.

Verð: 12.490 kr.

Dreifingunni hjó Hið íslenska bókmenntafélag
Skeifunni 3b, 108 Reykjavík, s. 5889060
www.hib.is • hib@islandia.is





Hljómsveitin Hrafnagaldur

heldur styrktartónleika í Síðumúla 15,
þann 13. desember kl. 17.00.

Allur ágóði rennur til Mæðrastyrksnefndar.

Kaffi og meðlæti verða á boðstólum.

Hrafnagaldur er hljómsveit sem býður upp á spennandi upplifun þar sem víkingastemningin er endurvakin og borin fram á fjölbreyttan hátt. Efni-
viðurinn eru lög og kvæði úr fornum ritum, heimildum og síðum frá Ís-
landi og nágrennalöndunum og hljóðfærin eru eftirgerðir fornra fyrir-
mynda. Sagnadansar lögðust af á landi ísa þegar geistleg yfirvöld náðu óvænt
að svæfa þessa hefð. Frændfólk okkar í Færeyjum virti þessi boð að vettugi
og hefur hefðin lifað þar fram á okkar dag. Hrafnagaldur hefur endurheimt
arfinn og flutningur þeirra er ógleymanlegur og sérlega danshvetjandi.



Jólablót í Ásheimi í Skagafirði

Ásheimur er myndarlegt hof á Efra-Ási í Skagafirði. Hofið er í landi Árna Sverrissonar, sem nú er í goðabjálfun, og eiginkonu hans, Heiðbjartar Stefánsdóttur.

Árni hófst handa við byggingu hofsins árið 2010. Veggirnir eru hlaðnir torfi og grjóti og nú er búið að koma hofinu, sem er um 80 fermetrar, undir þak og var það vígt af Jóhönnu Harðardóttur Kjalnesingagoða í ágúst síðastliðnum.

Árni segir Ásheim byggðan öllum ásatrúarmönnum til gagns og gamans og það verður gaman að sjá það þróast í miðstöð heiðinna manna á þessum slóðum.

Á vetrarsólstöðum, sunnudaginn 21. desember, verður fyrsta jólablótíð haldið í Ásheimi.

Jóhanna Harðardóttir og Árni Sverrisson helga blótið klukkan 18:00.

Kjötsúpa kraumar í potti og ásatrúarmenn sem og aðrir sem vilja fagna hækkandi sól eru hjartanlega velkomnir á fyrsta stóra jólablótíð í Skagafirði á síðari öldum.

Jóhanna Harðardóttir

Sundurlausar hugleiðingar um auga Gests og helga reiti

Lengi hef ég tengt hið glögga gests auga við goðfræðina. Þetta er eitt auga og Gestur er Óðinsheiti. Og ég hef líklega toppað sjálfan mig í skapandi fabúleringum þegar við skoðuðum myndina „Miller's Crossing“ og tengdum gestasagnaminnið „Stranger comes to town“ við Grímnismál, Vafþrúðnismál og Hávamál. En niðurstaða þeirra umræðna var að það skipti í sjálfu sér ekki máli hvort goðfræðilegu tilvísanirnar

væru meðvitaðar eða dulvitaðar, það er útkoman, hughrifin og innblásturinn sem er hinn eiginlegi mælikvarði.

Ég hef lært mikið af því fólki sem hefur sótt landið heim: Líkt og aðrir andlega sinnaðir ferðalangar um Evrópu, Ameríku, Asíu, Afríku og Ástralíu vill það heim-sækja helgistaði, reiti sem tengjast sögu og þá helst trúarsögu. Þingvellir, Ásbyrgi og Helgafellin koma fyrst upp í hugann. Síðan Goðafoss og örnefni með Hof og Hörg í forlið. Ég hef að vísu sent fólk óvart í ógöngur með því að vísa þeim á Goðdal inn úr Bjarnarfirði syðra, en útkoman var engu að síður góð þó fólkíð hafi ekki fundið hof-rústir eða séð drekann sem þar hefst við. Þessir ágætu gestir hafa verið duglegir við að senda mér frásagnir af ferðalögunum sem þeir hafa farið með fornritin að vopni og síðustu ár hef ég farið á nokkra áhugaverða staði eftir forskrift þeirra. Það hefur verið eilítil huggun og viðbót vegna þeirra fögru staða eins og Linda og Töfrafoss sem nú er einungis hægt að skoða í froskmannabúningi. Það er von mín að í framtíðinni getum við búið til lítinn ferðavísi þar sem hughrifin og innblásturinn verða hluti af leiðsögninni.

Ennfremur hef ég auðgast mikið af þeim athöfnum sem ég hef haldið hjá fólki sem hefur valið þeim stað á reit sem er þeim kær eða jafnvel heilagur. Þetta getur verið sumarbústaðaland, gamalt ættaróðal, skógræktarsvæði nákomins ættingja og jafnvel sambland af þessu þrennu. Ég hef verið með nafngjafir, síðmál og brúðkaup á slíkum stöðum og oftast en ekki fæ ég að heyra sögu staðarins. Mér er sagt frá landnáminu, hvernig tiltekinn hóll eða laut öðlaðist helgi, hvernig tré sem var plantað eftir fæðingu barnabarns varð í útvíkkaðri merkingu að ættartré. Sögurnar eru ef til vill ólíkar en ætíð má greina sama leiðarstefið: Landið öðlast helgi þegar fólk nær að þekkja það, yrkja og hlúa að því, gefa og þiggja.

Þann 1. desember var ég með hópi manna og kvenna í Almannagjá undir mána-skini og stjörnubirtu. Í öllum fjórðungum voru goðar á sama tíma með landvættablót og við blótuðum til heilla lands og þjóðar. Við hugleiddum vernd bergrisans í suðri, gríðungsins í vestri, arnarins í norðri og drekans í austri. Þetta var fögur stund á helgum reitum og við hugsuðum til landsins sem hefur fóstrað okkur og þarf á hjálp okkar að halda þegar skammsýnt fólk vill skammta út gæðum sem það hefur ekki og á ekki að hafa forræði yfir. Hvaða verðmiða setjum við á það sem er heilagt? Hversu djúpt þurfum við að sökkva? Sjálf. Landinu okkar.

Við hugleiddum hin fögru orð Völuspár:

Sér hon upp koma
öðru sinni
jörð ór ægi
iðjagræna;
falla forsar,
flýgr örn yfir,
sá er á fjalli
fiska veiðir.

Hilmar Örn Hilmarsson

Texti við jólalag 2014

Á jólablótinu í ár verður frumflutt nýtt jólalag með texta eftir Teresu Dröfn Njarðvík við þjóðlagið „Góða veislu gjöra skal“.

Textinn er saminn upp úr Skírismálum, enda hefur það kvæði orðið að nokkurs konar jólasögu félagsins. Nýja jólagagið verður frumflutt á blótinu og gaman væri að fólk hefði með sér textann til að syngja með! „Jólasettið“, hjónaleysin Teresa og Tómas munu flytja lagið ásamt öðru heiðnu jólaefni.

Góða veislu gjöra skal,
gleðjumst vér í nátt,
hækkar sól á himni
og hverfur myrkrið brátt.

Forðum hann Freyr ástarhug
felldi Gerðar til.
Sendi í för Skírni,
„Seg henni hvað ég vil“.

Viðlag:

Viðlag

Svo sólin hækka fer,
lengist ljósið smátt,
græðist grund þá vænum lauk
og ei finnst grátt.

Fékkst brúður með fortölum,
féllst að lokum á,
„eftir nætur nú að Barra
njótumst þá“.

Viðlag:

Viðlag




Við í Ásatrúarfélaginu höfum verið þeirrar gæfu aðnjótandi að hlýða á frumflutning kvæða sem mynduðu hryggjarstykkið í snilldarverkinu *Árleysi alda* og þegar Bjarki ákvað að auka við bókina og gefa út veglega öskju með myndskreyttri bók, hljómdisk og hljóðbók

þótti honum við hæfi að nýta hæfileika fjölmargra félagsmanna og kvenna við vinnsluna.

Kjörgripurinn *Árleysi árs og alda* fæst nú á sérlega góðu verði hjá félaginu og allur söluhagnaður rennur í Hofsó, sjóð sem Bjarki á heiður af.

Bætum bragskynið, njótum góðrar tónlistar, hlýðum á yndislegar kynningar Gerðar G. Bjarklind og styðjum hofbygginguna.

Boðið er upp á árituð eintök á góðu verði eins og áður sagði, óárituð eintök eru 500 krónum dýrari.



SKÁLDSAGNA- ÞRÍLEIKUR UM EFTIRLIFENDUR RAGNARAKA

Þriðja og síðasta bókin,
Saga eftirlifenda: Níðhöggur,
er komin út.

* * *

„Dúndurgóð
íslensk fantasía.“
— *Morgunblaðið*

* **

„Heimurinn er sannfærandi
sem Emil býr til og frásögnin
er skemmtileg.“
— *Kiljan*

Saga eftirlifenda eftir Emil Hjörvar Petersen er stórbrotinn skáldsagna-þríleikur um æsina sem lifðu af Ragnarök, baráttu þeirra í heimi sem þeir misstu tókin á og mótun og þróun nýrrar veraldar. Bækurnar eru gefnar út undir merkjum höfundafirlagsins Nykurs. *Níðhöggur*, þriðja og síðasta bók þríleiksins, kom út á dögnum.

Í umfangsmiklum lokahluta er ögurstundin ávallt yfirvofandi. Æsirnir horfast í augu við fortíð sína og framtíð, uppruna sinn og hlutverk. Þeir ferðast víða í von um að finna leið til Nástrandar og stöðva uppgang Níðhöggsveldisins. Á sama tíma leiðir veiðigyðjan föruneysi í hættuför yfir Eyðilöndin, þar sem gnýr í dauðum borgum, hvín í eyðiþorpum og óvættir og stigamenn eru á hverju strái. Seiðkonan og hausaveiðarinn Heiður er ekki öll þar sem hún er séð. Veröld manna og vætta er á barmi annarrar Ringulreiðar. Lokauppgjör er í uppsiglingu.

Frá lögsögumanni

Ævinlega heil og sæl, og takk fyrir síðast. Ég er kominn aftur, ný lögrétta komin til starfa og starfið gengur sinn vanagang. Á Allsherjarþingi, sem haldið var 1. nóvember í sal félagsins að Síðumúla 15, var ný lögrétta kjörin. Sigurlaug Lilja Jónasdóttir, fráfarandi lögsögumaður, gaf ekki kost á sér til endurkjörs. Ég vil þakka henni sérstaklega fyrir að taka við starfinu með mjög skömmum fyrirvara fyrir ári síðan þegar ég var byrjaður í námi og vann fullt starf með því. Fjölmargir buðu sig fram til lögréttustarfa en þrjú sæti voru í boði í aðalstjórn, sæti Sigurlaugar, Huldu Sifjar Ólafsdóttur og Hrafnhildar Borgþórsdóttur. Báðar voru Hulda Sif og Hrafnhildur í kjöri. Hulda Sif náði endurkjöri en ekki Hrafnhildur og þakka ég henni gott samstarf. Fyrir í lögréttu sátu undirritaður og Kári Pálsson frá fyrra ári en nýjar koma í lögréttu Urður Snædal og Lenka Kovárová, sem raunar er komin aftur eftir hlé. Sunnudaginn 2. nóvember kom ný lögrétta saman á opnum lögréttufundi og varð niðurstaða embættisskipunar þessi:

Hallur Guðmundsson – lögsögumaður

Kári Pálsson – staðgengill lögsögumanns

Lenka Kovárová – meðstjórnandi

Hulda Sif Ólafsdóttir – gjaldkeri

Urður Snædal – ritari

Silke Schurack – 1. varamaður

Sigurboði Grétarsson – 2. varamaður

Fyrir hönd goða sitja í lögréttu:

Hilmar Örn Hilmarsson – allsherjargoði

Jóhanna G. Harðardóttir – Kjalnesingagoði

Það er klassískt umræðuefni að nefna hofbygginguna í pistli lögsögumanns en ágætlega var farið yfir þau mál á Allsherjarþingi. Eins og framganga yfirvalda hefur verið þá verðum við bara að vona að málin fari að leysast og komist á gott skrið sem fyrst. Ég bendi á vefinn okkar, asatru.is, þar sem við munum reyna að koma tíðindum af hofbyggingu fram þegar eitthvað er að fréttu. Þann 5. nóvember mætti til starfa nýr starfsmaður, Bergrós Kjartansdóttir. Hún tekur við skrifstofunni af Írisi Ellenberger sem stóð vaktina í eitt ár. Ég vil þakka Írisi vel unnin störf og um leið vil ég bjóða Bergrós velkomna til starfa.

Jólin eru framundan og okkar glæsilega jólablót verður haldið að vanda en það er auglýst annars staðar í blaðinu. Þá eru það reglubundnu áminningarnar, á miðvikudagskvöldum starfar leshópurinn, siðmálafræðsla er síðasta laugardag í hverjum mánuði og annan hvern sunnudag er þrjúbíó. Alla laugardaga eru svo okkar sívin-sælu opnu hús frá kl. 14:00 til 16:00 í félagsheimilinu að Síðumúla 15. Kaffi og meðlæti í boði félagsins. Skrifstofa félagsins er opin virka daga frá kl. 13:30 til 16:30, sími félagsins er 561-8633 og netfangið asatru@asatru.is, þangað sem best er að senda fyrirspurnir.

Ég óska félagsmönnum sem og öðrum landsmönnum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

Með vinsemi og virðingu,
Hallur Guðmundsson